

Frístundabíll Hafnarfjarðarbæjar

Til foreldra í Setbergsskóla

Frístundabíllinn hefur göngu sína á ný og er öllum börnum í 1. – 4. bekk boðið upp á akstur á æfingar sem hefjast klukkan 15:00 og 16:00. Aksturinn, sem hefst mánudaginn 31. ágúst, verður kl. **14:25** frá skólanum á æfingar sem byrja kl. 15:00 og kl. **15:25** á æfingar sem byrja kl. 16:00. Aksturinn hefst við Krakkaberg, íþróttahús Setbergsskóla. Sem sagt:

- Aksturinn hefst mánudaginn 31. ágúst
- **Fyrri akstur fer frá skólanum kl. 14:25**
- **Seinni akstur fer frá skólanum kl. 15:25**

Ekið verður alla virka daga fram að jólafríi utan þess að aksturinn fellur niður í vetrarfríi. Ekið er á fjölmarga staði eins og til Listdansskólans, tónlistarskólans, Bjarkarinnar, FH, Hauka og SH, Badmintonfélags Hafnarfjarðar, Golfklúbbsins Keilis eða allt eftir því hvar börn í 1. – 4. bekk eru skráð til æfinga í Hafnarfirði. Æfingatöflur liggja nú fyrir hjá flestum íþróttafélögum og eru fjölmargir foreldrar byrjaðir að skrá börnin sín þar. Verkefnið er unnið í samvinnu Hafnarfjarðarbæjar við íþróttafélögin og Hópíla sem sjá um aksturinn.

Skráning í frístundaakstur

Gott er að skrá börn fyrst á æfingar og síðan í aksturinn en allir munu komast að í aksturinn. Skráning í aksturinn fer fram í gegnum [Mínar síður – Grunnskólar – Frístundaakstur](#).



The screenshot shows the VALA FRÍSTUND website interface. On the left is a dark sidebar menu with options: 'Vetrarfrístund', 'Lengd viðvera', 'Frístundaakstur' (highlighted with a red circle), and 'Mínar upplýsingar'. The main content area is titled 'Vetrarfrístund' and contains a search bar and a table header for 'Núverandi skráning barna'. The table has columns for 'Nafn', 'Kennitala', 'Skráning', and 'Virkar umsóknir'.

Aksturinn er foreldrum að kostnaðarlausu. Starfsmaður frá Krakkabergi verður með í hverri ferð og tryggir öryggi krakkanna í rútnni og að fari skili sér í rétt félag.

Börn sem ekki eru skráð í frístundaheimili í 1. – 4. bekk geta einnig nýtt sér aksturinn en það er á ábyrgð foreldra að skrá þau og tryggja að þau séu mætt á réttum tíma á upphafstað frístundaakstursins. Forráðamenn sækja börnin þegar æfingu er lokið.

*Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að breyta umsókn ef breytingar verða á æfingum eða æfingatíma og vakin er athygli á því að skráningar og breytingar taka gildi eftir sólarhring. Ferlið er það sama og ef um nýja umsókn er að ræða. **Ekki er hægt að gera breytingar í tölvupósti eða í síma.***

Athugið að skráning fyrir börn sem eru í frístundaheimilinu Haukaseli fer fram hjá Haukaseli.



HAFNARFJÖRÐUR

Með von um jákvæð viðbrögð og gott samstarf

f. h. frístundaheimila Hafnarfjarðar

Stella Björg Kristinsdóttir, fagstjóri frístundastarfs

sími: 664-5769

netfang: stellabjorg@hafnarfjordur.is